

Verkferill Framhaldsskólans á Húsavík ef nemandi er settur í sóttkví vegna Covid-19.

Tilgangur þessa verkferils er sá að auðvelda utanumhald með nemendum sem þurfa í sóttkví vegna mögulegra Covid-19 smita. Þannig fá allir nemendur sömu meðhöndlun og framfylgd vinnuferilsins á að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem nemendur eru aðnjótandi.

Mismunandi tegundir sóttkvía.

Heimkomusmitgátt: Á við ef nemandi hefur ferðast erlendis. Við heimkomu fer nemandinn í sóttkví á meðan beðið er eftir útkomu prófana vegna Covid-19. 5-7 dagar.

Úrvinnslusóttkví: Á við ef heilsugæsla eða smittrakningarteymi skikka nemandann í sóttkví á meðan unnið er úr smittrakningu. 1-3 dagar.

Sóttkví: Nemandi er sendur í sóttkví vegna þess að talið er að hann hafi verið útsettur fyrir smiti. 14 dagar.

1. Nemandi eða forráðamaður tilkynnir um það að viðkomandi nemandi þurfi að fara í sóttkví vegna Covid-19. Þau upplýsa um lengd sóttkvíarinnar.
2. Stjórnendur senda kennurum og námsráðgjafa upplýsingar um að viðkomandi nemandi þurfi í sóttkví og hve lengi er áætlað að nemandinn dvelji í sóttkví.
3. Námsráðgjafi hefur í kjölfar upplýsinga frá stjórnendum samband við kennara nemandans og fer yfir stöðu nemandans í áföngunum hans og komandi verkefnaskil.
4. Námsráðgjafi hefur samband við nemandann strax fyrsta virka dag eftir að tilkynning hefur borist frá stjórnendum um að viðkomandi nemandi þurfi í sóttkví til þess að aðstoða nemandann við að koma skipulagi á nám sitt, ræða svefnvenjur og námstækni í fjarnámi. Í kjölfar samtalsins hefur námsráðgjafi samband við umsjónakennara og upplýsir hann um samtalið.
5. Fimm virkum dögum eftir að nemandi tilkynnti veru í sóttkví (sé ekki um úrvinnslusóttkví eða heimkomusmitgátt að ræða) hefur umsjónarkennari samband við nemandann og fer yfir stöðuna með nemandanum og þær boðleiðir sem standa nemandanum til boða. Ræðir framgang námsins.
6. Fyrir lok sóttkvíar, hefur námsráðgjafi aftur samband við nemandann og ræðir við hann um verkefnaskil og stöðu hans innan áfanga. Til að auðvelda nemandanum að komast aftur í takt við dagskóla.